



# Útdeilum kríshagnaði í stað óhagstæðra lána (útleiðir úr Kóróna Krísunni)



**Því skyldi skellt á þær milljónir manna sem voru þvingaðar inn í gjaldprot nýjum skuldum, á meðan fjölmörg risafyrirtæki skapa sér ágóða í milljarðavís á sömu krísu? Hversu siðlaust væri það? Ákvörðun fólksins: fyrst verður þessum milljarðaágóða deilt niður á þá sem eyðilaggt var fyrir – gefins. Síðan verður ágóðavæðing á tjónpolum afnumin!**

Halló, ég er Ivo Sasek!

Í dag heilsa ég þér með Panorama –Film rútna okkar í bakgrunni, sem hefur eins og hjá mörgum öðrum, verið í lamasessi í margar vikur vegna Kóróna-reglugerðanna. Við megum að vísu keyra um á þessum þremur rútnum sem við eigum, en hver hefur gaman af því að aka litlum 5 manna hópum um svæðið á dýrum 70manna bíl? Skiljið þið? Í fyrsta ákallinu mínu til allra sérfræðinga voruð þið síðast kynnt fyrir Panorama kaffihúsinu mínu, sem er líka lokað. Til viðbótar við hina þrjá grunnþætti starfsemi minnar gæti ég nefnt aðra tvo til viðbótar þar sem slík ummæli ættu við. Undir grunnstarfsemi flokka ég alla þá starfsemi sem ég og teymið mitt vinnur fyrir peninga svo að við getum síðan rekið aðalmiðstöð Kla.TV hér í Sviss. Og á sama hátt fjármagna öll hin 170 alþjóðlegu Kla.TV stúdíó, sín eigin stúdíó.

En að aðal umræðuefninu: Við erum að tala um nokkuð stórt tap. Ef ég þarf að horfast í augu við fjögur lömuð fyrirtæki af fimm, hversu stórt verður þá fjárhagslega tapið á heimsvísu?! Hafði leitt hugann að þessu? Í marga mánuði hefur þessi nýja-heims stjórn sem skyndilega skaut upp kollinum, neytt milljónir annarra fyrirtækja til að leggja niður starfsemi sína. Hver ber tapið? Kannski þyrllu-féð sem þessi nýja-heims stjórn hefur lofað? Hér og nú vil ég minna á að þetta snýst ekki í fyrsta lagi um að bera eitthvað tap. Lánin sem er verið að lofa alls staðar í heiminum – alveg sama hversu lágir vextirnir eru - eru ekkert annað en nýjar skuldir sem þvingaðar eru upp á okkur. Skiljið þið þetta? Þrátt fyrir allt er spurningin: „Hver kemur okkur öllum undan þessu álagða fjártjóni?“ algjört aukaatriði. Aðalspurning ætti að vera: Hver losar okkur undan klafa alls þessa siðleysis sem hið nýja einræði leggur nú miskunnarlaust á okkur? Þekkið þið yfirhöfuð muninn á siðferði og siðleysu? Eða á siðgæði og skorti á sama? Eða hefur þessum ströngu skoðanamótendum loksins tekist að samhæfa siði, siðgæði og siðferði við trúrækilega fordæmingu? Áttið ykkur á að dagar gervi- lýðræðisins eru að baki. Og þeir sem hófu stjórn sína fyrir löngu um allan heim sýna nú óspart einræðishornin. Þar sem heimseinræði hefur mótast í leyni, kemst mannkynið ekki lengur undan því að fara nýjar leiðir. Eina spurningin er, hvaða nýju leið velur það? Hvaða nýrri leið gefur mannkynið sig á vald?

Ég er ekki stjórnmalamaður og vissulega ekki einræðisherra en ég ráðlegg þér mannkyn, hvaða einræði þú ættir að loka á og hvaða nýju leið þú ættir að opna á. Lokaðu á hvers konar siðlausu valdatilburði og opnaðu þig fyrir rökvísi miskunnar! En hvað er siðferði, hvað er miskunnsemi? Ég reyni að vera stutturður: öll viðskipti með hið veikburða eru siðlaus og miskunnarlaus. Öll viðskipti með sjúkdóma okkar eru algerlega siðlaus. Þjónustan við sjúka tilheyrir sviði miskunnsemi en ekki sviði atvinnulífs, gróðastarfsemi! Sérhver misnotkun á

eðlishvötum okkar, viðskiptum með girnd t.d., viðskipti með fíkn, með veikleika, viðskipti með náttúruleg eðlishvöt eru algerlega siðlaus og miskunnarlaus. Sá sem iðkar að tálðraga á slíkan hátt má ekki gera kröfur til forystu.

En engu að síður gera það allir WHO-hlýðnir, þ.e.a.s. stjórnámamenn stýrðir af lyfjaiðnaði og það núna á heimsvísu. Hvað gera þeir?

Þeir eru að gera nákvæmlega það sem sérstaklega var spáð var fyrir 2000 árum í Opinberunarbókinni 18:23. Hér kemur tilvitnun (hér er lýst okkar tíma): „Ljósabirta skal eigi frammar sjást í þér og engin raust brúðguma og brúðar skal frammar heyrast í þér því þínir kaupmenn voru höfðingjar jarðarinnar og allar þjóðir leiddust afvega af þínum töfra drykk (orðrétt: í gegnum lyfjafyrirtækin).“ Þó að einræðisherrar lyfja og fjármála safni ómældum auði í þessu alþjóðlega fjármálaslysi sem þeir hafa þvingað fram, steypa þeir samtímis öllum þjóðum í skuldir og fátækt. Þetta er auðvitað í nafni heilsuverndar og fjármálabjörgunar ofan frá. Þess vegna mun ég nú útskýra hvað röksemd miskunnseminnar býður okkur að gera. Miskunnsemin er að vísu sammála þeirri lausn skaðann verði að bæta hjá öllum fyrirtækjum sem skipað var að loka, en skaðabæturnar má hvorki stela af bankareikningum okkar né frá skattgreiðendum. Þess ættum við að krefjast! Þannig að hvorki í gegnum bail-in, þ.e.a.s. hvorki með losun sparifjárinnstæða né með skattahækkunum ættu peningarnir að renna til baka, og síst af öllu með ódýrum lánnum. Því annars gætum leið okkar endað eins og margra milljóna Bandaríkjamanna sem var veitt ódýr lán nákvæmlega á þennan hátt. Skömmu seinna voru vextir skrúfaðir upp og úr varð algert gjaldþrot.

Í dag er búið að rýja milljónir Bandaríkjamanna inn að skinni, þeir misstu heimili sín vegna þess að þeir féllu fyrir lánveitingum. Endurgreiðsla má heldur ekki vera í formi láns. Hana verður að gefa sem skaðabætur. Það er heila málið. Já, en hver á að borgar þær? Ég heyri þegar öskrin. Ég skal útskýra það með röksemd miskunnarinnar. Hún útskýrir það á mjög einfaldan hátt: Í fyrsta lagi, allir þeir sem hafa auðgað sig fram úr hófi í þessum kóróna heimsfaraldri. Segðu, hverjir hafa þénað alveg fáránlega á þessum kóróna faraldri. Rökvisi miskunnseminnar bannar öllum fjölskyldumeðlimum að auðgast á veikindum hvers annars. Mannkynið er fjölskylda, skiljum við þetta? Ef einhver fjölskyldumeðlimur veikist, taka allir nánustu fjölskyldumeðlimir sjálfkrafa þátt í batanum. Og enginn þeirra græðir á veikindunum, til dæmis eins og foreldrar, systkini eða jafnvel afi og amma. Við gerðum við sko aldrei, ekki satt? Þannig að allur milljarða-hagnaðurinn, ég tala um hagnað, allan milljarða-hagnaðurinn sem orðið hefur, t.d. með sóttþreinsiefni, öndunargrímum, lyfjum, læknismeðferðum sem hafa komið upp í tengslum við kóróna faraldurinn, verður fyrst og fremst að nota til að greiðslu skaðabóta. Þannig að allur milljarða-hagnaðurinn sem kom til vegna þessa verður að nota til að takmarka orðið tjón - ekkert annað! Í framtíðinni verður einfaldlega ekki lengur mögulegt að hagnast af veikleika og sjúkdómum fólksins. Við þurfum að sjá til þess! Við getum tekið ákvörðun um það sem þjóð! Já, ég veit að skynsemin hrópar mjög hátt. Hún óttast fjártjón allra þeirra sem hingað til hafa aðallega veitt sjúkum hjálp. Það má vera að svo verði, en ég spyr: hjálpuðu þeir virkilega?! Ég krefst slíkra hugsana, slíkra leiða, ekki sem bara einhver. Ég krefst slíks vegna framlínustöðu minnar í umönnun þurfandi. Ég er ekki að kalla eftir þessu sem einhver blýantanagari á einhverri stjórnálaskrifstofu, heldur sem maður sem hefur sinnt endurhæfingavinnu endurgjaldslaust fyrir eiturlyfjaneytendur, áfengissjúklinga, sjúka og andlega þjáða af öllu tagi í yfir 40 ár, skiljið þið þetta? Við höfum meira að segja hýst alla þá þúsundir sem leita aðstoðar hjá okkur, ókeypis og brauðfætt úr okkar eigin vasa. Svona virkar þjónusta miskunnseminnar við sjúka og veika! Svona gerir maður þetta og ekki öðru vísi! Þetta höfum við gert án þess að senda einhvern reikning. Við höfum alltaf lifað af frjálsum framlögum frá fólki sem annað hvort fylgdist með og sá árangur okkar utan frá eða

frá þeim sem þökkuðu árangurinn innan frá með frjálsum framlögum án einhverra kvittana eða opinberrar birtingar, án nokkurs, einfaldlega af þakklæti. Og sjáið til, við höfum aldrei liðið skort, áratugum saman. Okkur gengur eins vel og hverri annarri starfsemi. En nú aftur að efninu.

Rétt eins og bæði viðskipti með sjúkdóma og vaxtaviðskipti með fjárhagslega veikt fólk hafa í grundvallaratriðum leitt til siðlausrar auðgunar, eru það einmitt þeir sem hagnast sem bera ábyrgð á þessum jöfnunarbótum fyrst og fremst! Þetta getum við ákveðið sem þjóðir og við ættum að gera það!

Þar að auki hefur lyfjaiðnaðurinn með sína marg-milljarða veltu skilið í þakklætisskyni yfir 90 prósent sjúka heimsbyggðina eftir og hlutfallið hækkar. Ég hef heyrt af 97 prósentum sjúkra. Og ég spyr: „Getum við ekki verið veik án þessa töfradrykks frá lyfjaiðnaðnum?“ Við þurfum ekkert á honum að halda, ekki með þessar tölur. Sama má segja um vaxta-elítuna með sína marg-milljarða dollara veltu: hún hefur skilið 90% af mannkyninu eftir í fátækt og hlutfallið hækkar líka hér. Og hér spyr enn og aftur: „Getum við ekki verið fátæk án þessara afvegaleiðandi stórkaupmanna?“ Við getum það, ekki satt? Við þurfum ekki á þeim að halda. Þess vegna verður öll þessi afvegaleiðing að taka endi! Eitt orð um Donald Trump: Sé það rétt að hann hafi nýlega ríkisvætt FEDs (bandaríska seðlabankann) eins og sagt er, að hann hafi svipt sviksamlega fjármálavítíð eigum sínum, þá er mikilvægt að gefa því nákvæmar gætur hvort hið hefðbundna arðrán haldi einfaldlega áfram í gegnum Trump og stjórn hans!? Eða hvort Trump notar sjóðina sem hann tók eignarnáms til að greiða fyrst til allra svikinna Bandaríkjamanna og síðan einnig til allra annarra svikinna þjóða. En ef þessi uppstokkun festist í Ameríku einni, þá boðar það ekkert gott. Þetta er svona í framhjáhlaupi. Þessi heildarskaði sem mannkynið stendur frammi fyrir verður líka að vera borinn af öllum þeim iðnaði sem hingað til hefur hagnast af heilsuspillandi viðskiptum. Þá er ég t.d. að tala um viðskipti með fíknir: nikótínviðskipti, viðskipti með áfengi, viðskipti með sykur, farsímafyrtæki, klámiðnaðinn, þar væri margt fleira sem hægt væri að telja upp. Sýnt hefur verið fram á að allar slíkar viðskiptakeðjur hafi veikt og skaðað heilsu þjóðanna og gert þær næmari fyrir kórónaveirunni. Ég tala hér út frá 40 ára reynslu af sálgæslu og sem stjórnandi endurhæfingarmiðstöðvar sem hefur kynnt sér og lært um orsakir og afleiðingar áratugum saman. Þá sem einnig verður ábyggilega að telja með í hópi sjúkdómsvalda eru allir þeir fjöldamiðlar sem eru styrktir með afnotagjöldum og hafa daglega þjónað sem almannatenglar og handlangarar lyfjaiðnaðarins. Allir hefðbundnir fjölmiðla auglýsa hvers kyns mannskemmandi iðnað. Þeir hafa þeir alltaf gert og gera enn. Því bera þeir líka samábyrgð á þeim veikleika sem nú gengur yfir mannkynið. Slíkir stórkaupmenn eiga því að veita nauðsynlegar bætur, en ekki milljónir lítilla, meðalstórra og stórra fyrirtækja sem hingað til þurfa fyrst og fremst að bera ábyrgðina. Hafið þið tekið eftir því að nákvæmlega þeim sem bera stærstu ábyrgð á hnignun mannanna hafa ekki verið sett neinn takmörk vegna Covid-19 krísunnar. Lyfjaverslunin hefur líka verið opin allan þennan tíma, ekki satt? Fjölmiðlar lifa á afnotagjöldunum okkar. Vitið þið hvað? Við ættum að nota þessi afnotagjöld núna, í stað þess að gefa milljarða til þeirra sem skaða þjóðirnar. Við ættum að nota þau til að greiða sköðuðum fyrirtækjum bætur. Og hefðbundnir fjölmiðlar ættu að gera eins og við á Kla.TV: vinna á daginn, þéna peninga sjálfir og gera dagskrána á kvöldin. Þá eigum við peningana saman til að bæta upp þessa kreppu.

Rökvísi miskunnseminnar leyfir ekki að reiðufé sé afnumið á þessum tímamarki. Það eru nefnilega þessar sömu fjármála-elítur sem vilja þvinga fram peningalaus kerfi með þessum hætti, það eru nefnilega þær sem hafa spilað fjárhagsleg veðmál með örlög heilu þjóðanna. Í síðustu viku uppgötvaði kona mín til dæmis fyrir tilviljun að 3.000 frankar voru horfnir af eftirlaunasparnaði okkar, án nokkurra athugasemda – svikið á brott. Skiljið þið þetta? Veðmál

fjármálaheimsins ná alla leið inn í eftirlaunasparnaðinn okkar. Ef við breytum ekki þessu siðleysi mun það kosta okkur allt. Reiðufjárlost greiðslukerfi gæfi jafnvel - þessum siðlausu spilafíklum tækifæri til að svipta þjóðirnar eignum sínum með því að styðja á hnapp. Þannig fóru þeir að hjá okkur. Síðan bætast neikvæðu vextirnir ofaná og allt þetta rugl. Og allt áður nefnt einræði siðleysisins stendur að engu siðleysi barnaníðinganna að baki, einkaleyfistöku á vatnsrétti, fræbanka-eignarnámi, einkaleyfaþjófnaðar og þess háttar. Sjáið þið þetta ?!

Síðast en ekki síst: Allt það sem ég hef sagt núna, þessi yfirlýsing, er ekki vegna þess að ég vilji greiðslur fyrir persónulegan skaða minn né skaða vegna OCG, Kla.TV o.s.frv. Vitið þið hvað? Fyrr vildi ég sleppa því og ef að þess þyrfti við færi ég aftast í röðina. Vitið þið, hinn nýi heimur virkar nefnilega eingöngu án peninga! Ég hef engar áhyggjur af peningum. Við getum fljótt umbreytt þessum heimi í paradís ef við erum loksins til staðar fyrir hvert annað, hvert einasta líffæri líkama okkar sé til staðar fyrir hitt líffærið. Og um leið og enginn vill auðgast á náunganum og við tökumst sameiginlega á skortinum, þá gengur allt vel! Veist þú að við hjá OCG höfum lifað þannig í áratugi.

Þess vegna geturðu t.d. núna hlaðið niður þessari útsendingu ókeypis. Það eina sem ég bið þig um er: Í fyrsta lagi, dreifðu útsendingum eins og þessum! Og vertu síðan alveg hagnýtur hluti hins nýja heims!

Ég er Ivo Sasek sem hef staðið frammi fyrir Guði í 43 ár.

eftir is

---

#### Heimildir:

[www.kla.tv](http://www.kla.tv)

---

#### Þetta gæti þér líka þótt áhugavert:

#Covid-19 - [www.kla.tv/covid-19-isl](http://www.kla.tv/covid-19-isl)

#Fjarmal - Fjármál - [www.kla.tv/fjarmal](http://www.kla.tv/fjarmal)

#IvoSasek-ISL - [www.kla.tv/ivosasek-isl](http://www.kla.tv/ivosasek-isl)

---

#### Kla.TV – Hinar fréttirnar ... frjálssar – óháðar – óritskoðaðar ...



- það sem fjölmiðlar ættu ekki að þegja um ...
- fáheyrt frá fólkinu, für das Volk ...
- reglulegar fréttir á [www.kla.tv/is](http://www.kla.tv/is)

Það borgar sig að fylgjast með!

Ókeypis áskrift með mánaðarlegu fréttabréfi á netfangið

þitt færðu hér: [www.kla.tv/abo-is](http://www.kla.tv/abo-is)

---

#### Ábending öryggisins vegna:

Mótraddir eru því miður æ oftast þaggaðar niður eða þær ritskoðaðar. Svo lengi sem flytjum ekki fréttir samkvæmt áhuga og hugmyndafræði kerfispressan getum við sífellt reikna með því að leitað sé eftir tillíastæðum til þess að loka fyrir eða valda Kla.TV skaða.

Tengist því í dag óháð internetinu! Smellið hér: [www.kla.tv/vernetzung&lang=is](http://www.kla.tv/vernetzung&lang=is)

---

Licence:  *Creative Commons leyfi sé höfundar getið*

Við útbreiðslu og deilingu skal höfundar getið! Efnið má þó ekki kynna tekið úr því samhengi sem það er í. Stofnunum reknur af opinberu fé (RÚV, GEZ, ...) er notkun óheimil án leyfis. Brot á þessum skilmálum er hægt að kæra.